




Fréttablaðið, 12.11.2021, síðu 28  
grein stærð: 129.33 sm<sup>2</sup>  
grein hæð: 25.51 sm

## ■ Allra best



### Bók

#### Meðal hvíttra skýja

Bókin Meðal hvíttra skýja lætur ekki mikið yfir sér en hún geymir skáldskap sem hefur ekki gleymst og mun aldrei gleymast. Hér eru fornar kinværskar vísur frá tímum Tang-keisaraættarinnar sem ríkti frá 618-907. Hjórlleifur Sveinbjörnsson þýðir og skrifar jafnframt inngang og skýringar. Það þarf ekki að lesa lengi í þessari litlu en innihaldsríku bók til að heillast. Skáldskapur sem á yfirborðinu virðist einfaldur en býr yfir dýpt og vekur upp alls kyns hugrenningar hjá lesandanum. Bók sem má alls ekki tynast í jóla-bókaflóðinu.



### Myndlist

#### Carl Boutard

Listamaðurinn Carl Boutard sýnir skúlptúra sína í Ásmundarsafni innan um verk Ásmundar Sveinssonar. Þarna eru risastórir skúlptúrar sem minna á ótal margt í náttúrunni, gerðir úr pappír, keramik, gifsi og frauðplasti. Greinilegt er að verkin slá í gegn hjá gestum sýningarinnar sem hafa verið ósparir á að láta mynda sig hjá þeim. Börnin eru áberandi stórhreifin, list Boutard ratar svo sannarlega til þeirra. Húsið sjálft og umhverfið eru síðan listaverk í sjálfu sér, þannig að heimsókn í safnið skilur mikið eftir sig. Sýning sem eindregið er mælt með. ■